

Laugardaginn 19. maí 1951.

Kærumálið nr. 10/1951.

Árnason, Pálsson & Co. h/f
gegn

Jóhanni Steinasyni.

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Synjað frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. f. m., sem hingað barst 5. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 18. f. m., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Af hálfu sóknaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu, en telja verður, að kært sé í því skyni að fá frest þann, sem synjað var um í héraði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, og greiði sóknaraðili varnaraðilja kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði varnaraðilja, Jóhanni Steinasyni, kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1951.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. þ. m., hefur Jóhann Steinason hdl. hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. f. m., gegn Árnason, Pálsson & Co. h/f hér í bænum til greiðslu vixils, að fjárhæð kr. 14.867.60, útgefins 28. ágúst 1950 af stefnda og samþykkt af Dúka-prenti Jörundar Pálssonar, til greiðslu í Búnaðarbankanum hér í bæ 8. febrúar s. l., en vixill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 10. febrúar s.l.

Stefnandi hefur krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér

víxilfjárhæðina, kr. 14.687.60, með 6% ársvöxtum frá 8. febrúar 1951 til greiðsludags, $\frac{1}{2}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 47.90 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur engum andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda nema krafizt þess, að málskostnaður verði lækkaður verulega.

Á bæjarþingi 12. þ. m. krafðist stefndi þess, að því yrði veittur tveggja vikna frestur til að stefna samþykkjanda víxilsins inn í málið.

Stefnandi mótmælti öllum fresti í málinu.

Mál þetta var þingfest 15. f. m., og var þá sótt þing af hendi stefnda. Lagði stefnandi þá fram stefnu í málinu, en tók frest til 22. s. m. til að leggja fram víxilinn og greinargerð af sinni hendi. Þann dag fékk stefnandi aftur frest í sama skyni til 5. þ. m. Þann 5. þ. m. kom fram greinargerð stefnanda, og fékk stefndi þá frest til 12. þ. m. til að rita greinargerð. Þann dag kom fram greinargerð af hans hálfu, og krafðist hann þá frestsins, eins og áður getur.

Ekki verður talið, að stefndi eigi gegn mótmælum stefnanda rétt á fresti til að stefna samþykkjanda víxilsins inn í málið, enda hefur hann þegar haft nægan tíma til þess.

Verður því frestbeiðnin ekki tekin til greina.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Laugardaginn 19. maí 1951.

Kærumálið nr. 11/1951.

Árnason, Pálsson & Co. h/f

gegn

Jóhanni Steinasyni.

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Synjað frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. f. m., sem hingað barst 5. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 18. f. m., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.